



Þema 2. bekkur 2024-2025

Þemu sem unnin eru í 2. bekk eru Fjölskyldan og vináttan, Komdu og skoðaðu dýrin, Komdu og skoðaðu líkamann og Komdu og skoðaðu fjöllin.

Kennsluaðferðir

Vinnan er samþætt við aðrar námsgreinar eins og náttúrufræði, samfélagsfræði og íslensku. Fjölbreytt verkefni eru unnin á stöðvum, í hópavinnu, einstaklingsvinnu og umræðum í krók.

Þemun eru unnin út frá námsefninu Halló heimur sem er kjarnaefni í samfélags- og náttúrugreinum fyrir yngsta stig grunnskólans.

Námsmat

Í þema er unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk í náttúrufræði og samfélagsfræði. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg.

Kennarar – Fjóla Kristjánsdóttir og Írena Sif Kristmundsdóttir